

Tónlistardeild

Söngur

Líkaðu, deildu, komdu í áskrift

Hvernig gæti YouTube gagnast óperusöngvurum?

Ritgerð til B.Mus gráðu í söng

Steinunn Björg Ólafsdóttir

Haustönn 2016

Tónlistardeild

Söngur

Líkaðu, deildu, komdu í áskrift

Hvernig gæti YouTube gagnast óperusöngvurum?

Ritgerð til B.Mus gráðu í söng

Steinunn Björg Ólafsdóttir

Kt.: 310389-2779

Leiðbeinandi: Þóra Einarsdóttir

Haustönn 2016

Útdráttur

Af öllu því efni sem fer eins og eldur í sinu um internetið eru óperumyndbönd sjaldan í þeim flokki. Einstaklingar út um allan heim veita innsýn í sitt daglega líf og fá e.t.v. 50.000 til 100.000 áhorf fyrsta sólarhringinn á hvert myndband á meðan óperusöngkona sem hefur verið virk í 6 ár er ekki einu sinni með milljón heildaráhorfa á sinni rás. Óperan er deyjandi listform vilja sumir meina en aðrir reyna að leita leiða til að nútímavæða hana og gera hana spennandi. Þáttökumenningin sem gerir YouTube að þeim sérstaka miðli sem hann er virðist ekki ná að festa sig í sessi innan óperuheimsins en þó eru þar aðilar sem eru einlægir og persónulegir í framkomu sinni á samfélagsmiðlum. Líklega hafa farsælir óperusöngvarar nóg að gera á sínu sviði og hafa ekki þörf fyrir að vera eins virkir persónulega á netinu og þeir sem eru minna þekktir. Áhugavert væri samt sem áður að fylgjast með einstaklingi sem væri styttra kominn en gæfi okkur innsýn inn í óperuheiminn frá sínu sjónarhorni með hjálp netmiðla.

Efnisyfirlit

Inngangur	5
1. Tenging mín við efnið.....	7
2. Internetið, YouTube og vlogg.....	9
2.1 Casey Neistat	10
2.2 Jenna Marbles	11
2.3 PewDiePie	13
2.4 Samfélagsmiðillinn YouTube - Notkun og eiginleikar	13
2.5 Þátttökumenning.....	15
3. Óperuhús og leitin að áhorfendum.....	16
4. Leit mín að söngvurum	17
4.1 Anna Netrebko	17
4.2 Anna á YouTube	18
4.3 Joyce DiDonato	20
4.4 Joyce á YouTube	21
4.5 Tamara Wilson.....	22
4.6 Tammy á YouTube	22
Niðurstöður	24
Heimildaskrá.....	25

Inngangur

Í nútímasamfélagi þar sem allir eru með nefið ofan í snjalltækjum meiri hluta dagsins er eftirspurn eftir hvers konar afþreyingu gríðarleg. Alls konar fólk reynir að anna eftirspurninni á margvíslegan hátt og með sem flestum miðlum. Hversu lengi þessi bóla endist er erfitt að meta en það er ljóst að margir eru að reyna að öðlast þessa svokölluðu internetfrægð. Fjöldinn allur af einstaklingum nýtir tímann sinn í að sinna þeirri mynd sem þeir hafa skapað af sér á Facebook, Instagram, Snapchat, Twitter eða YouTube og margir eru jafnvel virkir á nokkrum ef ekki öllum þessum samfélagsmiðlum. Í þessari ritgerð verður YouTube sá miðill sem verður skoðaður hvað helst og þar er að finna einstaklinga sem koma úr öllum áttum, eru á öllum aldri og skapa þar af leiðandi mjög fjölbreytt efni. Daglega horfa milljónir manna á ýmis konar myndbönd á YouTube, allt frá kennslumyndböndum um allt milli himins og jarðar yfir í súrrealískustu tónlistarmyndbönd en eftirtektarvert er að óperumyndbönd eru ekki með vinsælasta efninu á þessum vettvangi. Stærsti hluti óperumyndbanda er settur inn af hinum og þessum, aðallega áhugamönnum og eru þau þar af leiðandi ekki upprunaleg og ekki beintengd fólkinu sem kemur fram í myndbandinu. Hvort að það sé ástæðan fyrir því að þau séu sjaldan auðfundin eða auðséd innan um önnur vinsæl myndbönd sem dreifast með ógnarhraða um allt á netinu er ekki gott að segja. En það er mikið í tísku að fylgjast náið með lífi fólks í allskonar aðstæðum, hvort sem um ræðir heimavinnandi húsmæður eða poppsöngvara í tónleikaferðalagi. Mögulega hefur hið svokallaða vlogg¹ ekki náð festu í óperuheiminum vegna þess hversu persónulegt það er. Það virðist oft vera eins og einhvers konar hula yfir óperunni og klassíska tónlistarheiminum yfir höfuð þar sem erfitt er að sjá inn fyrir nema að þekkja persónulega til. Nú hefur heyrst reglulega í gegnum árin að óperuformið sé að deyja út og er stöðugt verið að leita leiða til að halda henni á floti með ýmsum aðferðum. Nú til dags myndi liggja beinast við að nútímaævæða óperuna með því að hafa hana aðgengilega öllum t.d. í gegnum snjalltæki og það er vissulega gert nú þegar. Heilu óperurnar eru tiltækar inná YouTube en þrátt fyrir það er ekki auðvelt að finna þær nema með sérstakri þekkingu á leitarorðum eins og ég rak mig á þegar ég fór að kanna hvað ég fyndi þar af óperutengdu efni og mögulega er ekki nægur áhugi fyrir því hjá almenningi að reyna að finna þær.

Kannski er óperan of ópersónuleg og langt frá raunveruleikanum til að fólk nenni að kynna sér hana án þess að vita allt um fjölskylduhagi tenórsins og skóstærð sópransins.

¹ Þýðing höfundar á enska slanguryrðinu vlog sem á við um blogg færslur í formi myndbanda.



Kannski yrði það fólki meiri hvatning til að fylgjast með ef það upplifði að þau þekktu tónlistarmennina og væru þar af leiðandi að horfa á hápunktana í lífi þeirra þegar loksins er stigið á svið þannig að fólkið í fínu fötunum með fullkomnu þindarnotkunina myndi ekki virka svona yfirnáttúrulegt. Í dag, þar sem skilaboðin með að vera maður sjálfur og sáttur í eigin skinni með alla sína galla, hefur krafan um að sjá hið mannlega aldrei verið jafn sterk. Stóru Hollywood stjörnur sem voru einu sinni svo ótrúlega ósnertanlegar deila í dag ómerkilegum, vandræðalegum og umfram allt mannlegum augnablikum úr lífi sínu á samfélagsmiðlum. Við sem aðdáendur getum þar með samsamað okkur þeim og við eignumst hlutdeild í lífi þeirra. Það er þó mikil krafa að ætlast til þess að fólk deili öllu því sem gengur á í hinu daglega lífi og skiljanlega fara alls ekki allir þá leið en mögulega væri hægt að svala forvitni almennings meira. Það eitt að sýna aðstæður einhvers aðila í æfingarferli eða undirbúningi óperu gæti verið nóg til að ná einhverri tengingu án þess að viðkomandi þurfi að opinbera of mikið af því persónulega nema honum sýnist svo og mörgum þætti trúlega áhugavert að fá tækifæri til að kynnast því hvað þarf til svo að ópera verði sett á svið. Myndbönd eru auðveld og aðgengileg leið til að koma slíku efni til skila þar sem flestir eru með einhverskonar snjalltæki eða tölvur uppi við.

Í þessari ritgerð mun ég skoða vinsæla vloggara annars vegar og hins vegar óperusöngvara sem hafa látið á þetta form reyna. Ritgerðin er þannig uppbyggð að fyrst geri ég grein fyrir eigin reynslu af vloggi og YouTube sem miðli og hvers vegna þetta efni varð fyrir valinu. Því næst skoða ég þróun og notkun internetsins og YouTube síðunnar og út frá því skoða ég nokkra notendur hennar sem notið hafa velgengni. Undir lok fyrri hluta verður gerð grein fyrir því hvernig YouTube virkar þegar kemur að peningum og höfundarrétti. Í seinni hlutanum geri ég grein fyrir rannsóknarleiðangri mínum um internetið þar sem ég athugaði hversu auðveldlega ég gæti fundið vlogg tónlistarfólks. Þá verður óperan skoðuð og síðan tek ég dæmi um óperusöngvara sem hafa undanfarið nýtt sér möguleika internetsins með sérstakri áherslu á YouTube rásir. Að lokum verður farið yfir niðurstöður og áhrif þeirra á mína eigin notkun á þessum miðlum.

1. Tenging mín við efnið

Í þessum kafla verður stuttlega gerð grein fyrir því hvers vegna þetta efni varð fyrir valinu, bakgrunni mínum og tengingu við efnið.

Að vera „YouTubari“ (e. YouTuber) er eitthvað sem mér hefur lengi þótt spennandi starfslýsing. Í seinni tíð finn ég mig æ oftari inni á YouTube að horfa á fólk sem ég dáist að, finnst fyndið eða veitir mér einhverskonar innblástur í mínu lífi. Sumum hef ég fylgt í einhver ár og er e.t.v. orðin leið á stíl þeirra á meðan aðrir eru nýrri, ferskari og hafa upp á eitthvað nýtt og spennandi að bjóða. Það getur þó verið tímafrekt að uppgötva nýjar spennandi rásir. Það að einstaklingar geti lifað á því einu saman að setja efni inn á samfélagsmiðla hljómar í eyrum margra sem auðfengið fé en eftir að hafa, í vissum skilningi, kynnst þeim sem gera þetta í hverri viku, jafnvel daglega, áttar maður sig á því hversu mikil vinna þetta getur í raun verið. Ekki er nóg að þurfa að hafa persónutöfra til þess að halda áskrifendum ánægðum. Það þarf líka oftari en ekki að leggja einhverja skipulagsvinnu í hvert myndband sem er gert og klipping myndbandsins tekur einnig sinn tíma.

Þessu kynntist ég fyrst þegar ég var að útskrifast af listnámsbraut í framhaldsskóla en þar var lokaverkefnið mitt krefjandi stop motion² myndband þar sem ég vann með ljósmyndir úr náttúrunni og heimagert líkan úr pappa var notað til að túlka ferðalag og söknuð. Myndbandið fannst mér ekki hafa heppnast nógu vel þannig að ég snéri mér að annars konar listsköpun eftir útskrift. Meðfram náminu var ég að læra söng svo öll næstu myndbönd sem ég fíktaði við voru af mér sjálfri að syngja á tónleikum. Þau hafa nokkur ratað inn á mína eigin YouTube rás³ en það er ekki fyrr en í seinni tíð sem ég hef farið að hugsa um rásina mína sem einhvers konar miðil fyrir list mína. Til að byrja með setti ég nær eingöngu inn myndbönd af mér að syngja á tónleikum en smám saman hafa blandast inn á rásina stuttar grín klippur og einnig nokkur vlogg. Fyrir ári síðan, á mínu öðru ári í Listaháskóla Íslands, hélt Gréta Salóme Stefánsdóttir fyrirlestur innan skólans sem kollvarpaði væntingum mínum til söngsins. Hún sem fiðluleikari lærði þær ströngu reglur sem fylgja gjarnan klassíska tónlistarheiminum og sagðist hafa upplifað ákveðið frelsi þegar hún var einn daginn spurð hvað hana langaði að spila en hún hafði varla gert sér grein fyrir því að hún mætti hafa skoðanir á þeim málum. Þá upplifði ég eitthvað svipað og fann að

² Myndband þar sem stillimyndir eru spilaðar hratt, ekki ósvipað ferlinu þegar teiknimyndir eru gerðar.

³ Demekliuz, „Videó,“ yfirlit myndbanda á YouTube, 17. desember 2016,

<https://www.youtube.com/user/demekliuz/videos>.

síðastliðin 6 ár hafði ég verið að læra klassískan söng nánast eingöngu af því að kennarinn minn kallaði mig sópran og mataði mig á nótum. Það var vissulega þægilegt og auðvelt en eftir á sé ég að það gerði ekki mikið fyrir þroska minn sem tónlistarmaður. Ég uppgötvaði að ég vil ekki endilega verða óperusöngkona heldur bara söngkona. Mér finnst óþarfi að skilgreina mig sem sópran og ég er loksins að læra að nota brjóströddina almennilega meðfram þeirri klassísku. Einnig uppgötvaði ég að ég gæti sameinað sjálfsmynd mína sem söngkona og sem listamaður, en það var eitthvað sem ég hafði talið aðskilið þar til ég fann fyrir frelsinu sem fylgdi þroskanum sem ég hef öðlast í LHÍ. Miðað við að hafa bæði áhuga á klassískum og rytmískum söng tel ég mig hafa ágæta möguleika á að nýta mér YouTube sem miðil til að koma tónlist minni, sem og annars konar sköpun, á framfæri.

2. Internetið, YouTube og vlogg

Internetið varð til árið 1969 í Bandaríkjunum⁴ og er því komið vel á fimmtugsaldurinn. Vefpóstur varð til árið 1972 og internetið hlaut nafn sitt tveimur árum síðar⁵ en fólk hafði almennt ekki aðgang að því fyrr en á 10. áratugnum⁶. Internetið er fyrirbæri sem tengir tölvur saman víðsvegar um heiminn og til er veraldarvefurinn notaður til að miðla efni tækjanna á milli⁷. Veraldarvefurinn leit ekki dagsins ljós fyrr en 1991⁸ en með honum spruttu fram mismunandi netvafrar og leitarvélar sem hafa stækkað og þróast með auknum fjölda internettengdra aðila. Árið 1983 voru aðeins 562 tölvur tengdar við internetið en talan sú stækkaði hraðar með hverju árinu og árið 2005 voru yfir 300 milljón tölvur tengdar við það⁹. Í dag hafa u.þ.b. 40% af íbúum jarðar aðgang að interneti, eða um þrír og hálfur milljarður¹⁰ og má þar með leiða líkum að því að internetið sé orðið stór partur af hinu daglega lífi þeirra sem hafa aðgang að því á annað borð. Einnig er áhugavert að síðast liðið sumar lýstu Sameinuðu þjóðirnar því yfir að frelsi á internetinu ætti að vera partur af almennum mannréttindum. Ekki eru allar þjóðir sammála því enda vilja sumar þjóðir ritskoða netnotkun almennings¹¹. Árið 2005 var sett á laggirnar vefsíða ætluð til að hafa alls kyns myndbönd aðgengileg á einni síðu undir nafninu YouTube¹² og þar getur fólk sett upp sínar eigin rásir til að deila sínu eigin efni og tengjast öðru fólki víðs vegar um heiminn¹³. Meira en einn milljarður manna er virkur á YouTube¹⁴ og þar af horfir meira en helmingur þeirra á YouTube í gegnum snjallsímana sína¹⁵. Fólk á öllum aldri og af öllum stéttum nýtir sér YouTube til gagns og gamans. Til eru óteljandi myndbönd sem eru beinlínis gerð til að leiðbeina áhorfendanum við ýmislegt, eins og matreiðslu¹⁶, hverskonar handavinnu¹⁷ eða

⁴ James Curran, Natalie Fenton og Des Freedman, *Misunderstanding the Internet* (Abingdon: Routledge, 2012), bls. 35.

⁵ Curran, Fenton og Freedman, *Misunderstanding the Internet*, bls 35.

⁶ Alice Gribbin, „A Brief History of the Internet.“ *New Statesman*, 5066 (15. Ágúst 2011): Bls. 30.

⁷ <https://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing/utgefing-rit-og-skyrslur/HTMLrit/nr/2032>

⁸ Curran, Fenton og Freedman, *Misunderstanding the Internet*, bls 35.

⁹ Douglas E Comer, *The Internet Book*, 4. útg. (Upper Saddle River: Pearson, 2007), bls 79.

¹⁰ „Internet Users,“ *internet live stats*, 3. nóvember 2016. <http://www.internetlivestats.com/internet-users/>.

¹¹ Tim Sandle, „Un thinks internet access is a human right,“ *Business insider*, 22. júlí 2016, sótt 18. desember 2016 á <http://www.businessinsider.com/un-says-internet-access-is-a-human-right-2016-7?IR=T>.

¹² Matt Schiavenza, „How YouTube Changed Journalism.“ *The Atlantic*, 14. febrúar 2015, sótt 27. nóvember 2016 á <http://www.theatlantic.com/technology/archive/2015/02/how-youtube-changed-journalism/385523/>.

¹³ „About YouTube,“ *YouTube*, 3. nóvember 2016, <https://www.youtube.com/yt/about/>.

¹⁴ „Press room,“ *YouTube*, 3. nóvember 2016, <https://www.youtube.com/yt/press/index.html>.

¹⁵ „Statistics,“ *YouTube*, 3. nóvember 2016, <https://www.youtube.com/yt/press/statistics.html>.

¹⁶ Peaceful Cuisine, „Heim.“ Upplýsingasíða á YouTube, 11. desember 2016, <https://www.youtube.com/user/ryoyal983>.

¹⁷ Pins and Things, „Heim.“ Upplýsingasíða á YouTube, 13. desember 2016, <https://www.youtube.com/user/PinsNthings>.

smíði¹⁸, förðun¹⁹ og hárgreiðslu²⁰, þrif²¹, líkamsrækt²², tónlistarsköpun²³, hvernig sigra skal borð og heima í tölvuleikjum²⁴ eða bara einfaldlega að læra að teikna²⁵. Svona mætti lengi telja, þar sem einungis er átt við myndbönd sem eiga að vera til fróðleiks og sýnikennslu. Önnur gerð af vinsælum myndböndum eru vlogg þar sem fylgst er með lífi þess sem myndbandið tekur af sjálfum sér og eru þannig myndbönd eins og lítil innlit í veröld viðkomandi til að sýna það sem hann tekur sér fyrir hendur eða vill tjá sig um.

Vlogg hafa þau sérkenni að vera persónuleg og eru þannig upp sett að vloggarinn talar beint til áhorfenda. Þar af leiðandi þarf vlogg ekki endilega að sýna það sem vloggarinn er að fást við sjálfur heldur getur það líka verið þannig að viðkomandi setjist niður og tali um eitthvað sem honum liggur á hjarta, hvort sem það er eitthvað sem tengist honum persónulega eða um eitthvað í stærra samhengi sem hann vill tjá sig um. Sem dæmi gætu það verið nýafstaðnar forsetakosningar Bandaríkjanna, þar sem Donald Trump var kosinn, en það hefur verið vinsælt umræðuefni undanfarið. Sumir vlogga við hentug tækifæri, aðrir vlogga daglega í fyrirfram ákveðinn eða óákveðinn tíma. Slík myndbönd gefa okkur innsýn í líf fólks allstaðar að úr heiminum sem gerir þau áhugaverð og fjölbreytt.

2.1 Casey Neistat

Casey Neistat er dæmi um YouTube notenda sem vloggar en hann er kvikmyndagerðarmaður sem byrjaði feril sinn á YouTube með því að gera stuttmyndir um allt mögulegt úr sínu daglega lífi í New York. Fyrsta myndband hans á YouTube fjallar um neyðarbremsur neðanjarðarlesta New York borgar og hvernig á að nota þær. Það er ein slík í öllum vögnum lestanna en á skilti fyrir neðan eru tekin dæmi um neyðartilvik sem gætu komið upp og það fyrsta sem tekið er fram er „ekki toga í neyðarbremsuna!“. Skiljanlega vakti þetta spurningar hjá Casey og hann svarar þeim í skemmtilega uppsettu myndbandi

¹⁸ Kyle Toth, „Heim.“ Upplýsingasíða á YouTube, 13. desember 2016, <https://www.youtube.com/user/HomedepotKt>.

¹⁹ Tati, „Heim.“ Upplýsingasíða á YouTube, 13. desember 2016, <https://www.youtube.com/user/GlamLifeGuru>.

²⁰ Cute Girls Hairstyles, „Heim.“ Upplýsingasíða á YouTube, 13. desember 2016, <https://www.youtube.com/user/CuteGirlsHairstyles>.

²¹ Clean My Space, „Heim.“ Upplýsingasíða á YouTube, 13. desember 2016, <https://www.youtube.com/user/cleanmyspace>.

²² Blogilates, „Heim.“ Upplýsingasíða á YouTube, 13. desember 2016, <https://www.youtube.com/user/blogilates>.

²³ Paint, „Heim.“ Upplýsingasíða á YouTube, 13. desember 2016, <https://www.youtube.com/user/Paint>.

²⁴ TheRadBrad, „Heim.“ Upplýsingasíða á YouTube, 13. desember 2016, <https://www.youtube.com/user/theRadBrad>.

²⁵ Fun2draw, „Heim.“ Upplýsingasíða á YouTube, 13. desember 2016, <https://www.youtube.com/user/Fun2draw>.

sem mætti kalla stuttmynd²⁶. Einnig gerði hann myndbandsádeilu eftir að hann fékk sekt fyrir að hjóla utan hjólabrautarinnar í New York. Í myndbandinu klessir hann í sífellu á allt sem verður á vegi hans með því að vera eingöngu innan lína hjólabrautarinnar, t.d. lendir hann á ruslatunnu, auglýsingaskilti og flutningabíl sem hann kastast inn í við áreksturinn. Jafnframt heyrum við í honum í viðtali í útvarpinu þar sem hann kemst að því að það sé ekki ólöglegt að hjóla utan hjólabrauta í New York og þess vegna hafi sektin ekki átt rétt á sér. Hann endar myndbandið svo skemmtilega á því að klessa á lögreglubíl sem að sjálfsögðu er lagt á hjólabraut²⁷.

21. mars 2015 hóf Casey að vlogga markvisst á hverjum degi til að ögra sjálfum sér og finna nýjar leiðir til að gera daglegt líf áhugavert. 19. nóvember síðastliðinn hætti hann formlega sínum daglegu vloggum (e. daily vlogs) þar sem þau voru orðin of auðveld og óspennandi. Casey er í vissum skilningi tækifærissinni og listamaður og þar af leiðandi þarf hann stöðugt að leita að nýjum tækifærum eða nýjum leiðum til að skapa og taka upp. Hann mun halda áfram að taka upp myndbönd, meðal annars úr sínu daglega lífi eins og hann gerði áður, en líka myndbönd sem krefjast meiri undirbúnings og hugsunar en hin daglegu vlogg²⁸. Casey Neistat hefur verið notandi á YouTube síðan 2010, hefur tæpar 6 milljónir áskrifenda og yfir 1 milljarð áhorfa samtals á rásinni²⁹. Hann heldur úti tveim öðrum YouTube rásum, „Casey Neistat’s Snap Stories³⁰“ og „Casey Neistat Classics³¹“ en hefur ekki sett inn myndbönd á þær í u.þ.b. ár.

2.2 Jenna Marbles

Jenna Nicole Mourey, betur þekkt sem Jenna Marbles á YouTube, er ein af stærstu stjörnum YouTube miðilsins og hefur verið það lengi. 9. júlí 2010 hlóð hún upp myndbandi á YouTube sem titlað er „How to trick people into thinking you’re good looking“ (þýðing:

²⁶ CaseyNeistat, „Emergency Brake by Casey Neistat.“ Myndband, 5:32, sótt 5. desember 2016 á <https://www.youtube.com/watch?v=D2qO5nMOM5U>.

²⁷ CaseyNeistat, „Bike Lanes by Casey Neistat.“ Myndband, 3:04, sótt 5. desember 2016 á <https://www.youtube.com/watch?v=bzE-IMaegzQ>.

²⁸ CaseyNeistat, „i’m ending the vlog.“ Myndband, 10:24, sótt 5. desember 2016 á <https://www.youtube.com/watch?v=l-yrXB95qDo&t>.

²⁹ CaseyNeistat, „Um rásina,“ upplýsingasíða á YouTube, 5. desember 2016. <https://www.youtube.com/user/caseyneistat/about>.

³⁰ Casey Neistat’s Snap Stories, „Vídeo,“ yfirlit myndbanda á YouTube, 12. desember 2016. <https://www.youtube.com/channel/UCb8FPM22JIU-FriBrwyqoxg/videos>.

³¹ Casey Neistat Classics, „Vídeo,“ yfirlit myndbanda á YouTube, 12. desember 2016. <https://www.youtube.com/user/caseyneistatclassics/videos>.

Hvernig á að blekkja fólk til að halda að þú lítir vel út). Myndbandið hefst á því að hún er ómáluð og með úfið hár en sýnir svo hvernig útlitið tekur smám saman stakkaskiptum með ýmsum fegrunaraðgerðum. Hún endar með farðað andlit og slétt hár eftir að hafa talað kaldhæðnislega um ferlið sem hún fer í gegnum³². Þetta var ekki hennar fyrsta myndband á YouTube en þetta var fyrsta myndbandið sem fór lengra en einungis til vina hennar. Því var deilt 5 milljón sinnum á fyrstu vikunni henni að óvörum og þar með fór boltinn að rúlla³³. Í dag hefur þetta tiltekna myndband yfir 65 milljón áhorf³⁴ og er þetta lang vinsælasta myndband Jennu enda nær þetta viðfangsefni auðveldlega til alls almennings þar sem snyrting og fegrun skipar gjarnan stóran sess hjá venjulegu fólki. Næstvinsælasta myndband hennar hefur aðeins 36 milljón áhorf en það heitir „What Girls Do In The Car“ (þýðing: Hvað stelpur gera í bílnum)³⁵. Það sem myndböndin eiga flest sameiginlegt er að þau eru gerð til að fá mann til að hlæja. Til að byrja með virðist Jenna hafa notast við einhvers konar formúlu fyrir flest myndböndin. T.d. eru þau mörg þannig að hún leikur einhverja persónu og talar svo inná fyrir hana en eftir því sem hún varð vinsælli var eins og hún losaði sig við hömlurnar og nú er aldrei hægt að vita við hverju má búast³⁶. Jenna hefur rúmar 6 og hálf milljón áskrifendur og myndböndin hennar hafa náð samtals yfir 2 milljarða áhorfa³⁷. Hún heldur úti sérstakri vlogg rás þar sem hún leyfir fólki að fylgjast með sínu venjulega lífi við og við, oftast í kringum jólin³⁸. Einnig er samþýlismaður hennar með vlogg rás þar sem hann segir frá sínu daglega lífi allt árið um kring þannig að þar er hún auðvitað vel sýnileg líka³⁹. Þau halda einnig úti rás saman sem er eingöngu tileinkuð hlaðvarpa (e. podcast) þar sem þau ræða í u.þ.b. klukkutíma í senn um fjölbreytt efni einu sinni í viku⁴⁰.

³² JennaMarbles, „How to trick people into thinking you’re good looking.“ Myndband, 2:36, sótt 5. desember 2016 á <https://www.youtube.com/watch?v=OYpwAtnywTk>.

³³ Amy O’Leary, „The Woman With 1 Billion Clicks, Jenna Marbles.“ *The New York Times*, 12. apríl 2013, sótt 5. desember 2016 á <http://www.nytimes.com/2013/04/14/fashion/jenna-marbles.html>.

³⁴ JennaMarbles, *How to trick people into thinking you’re good looking*.

³⁵ JennaMarbles, „What Girls Do In The Car.“ Myndband, 1:47, sótt 5. desember 2016 á https://www.youtube.com/watch?v=0i_5YBnQdac.

³⁶ JennaMarbles, „Videó,“ yfirlit myndbanda á YouTube, 5. desember 2016, <https://www.youtube.com/user/JennaMarbles/videos>.

³⁷ JennaMarbles, „Um rásina,“ upplýsingasíða á YouTube, 5. desember 2016, <https://www.youtube.com/user/JennaMarbles/about>.

³⁸ JennaMarblesVlog, „Videó,“ yfirlit myndbanda á YouTube, 12. desember 2016, <https://www.youtube.com/user/JennaMarblesVlog/videos>.

³⁹ Julien Solomita, „Videó,“ yfirlit myndbanda á YouTube, 12. desember 2016, <https://www.youtube.com/user/TheFightingSolo/videos>.

⁴⁰ Jenna Julien, „Videó,“ yfirlit myndbanda á YouTube, 12. desember 2016, <https://www.youtube.com/user/JennaJulienPodcast/videos>.

2.3 PewDiePie

Að horfa á annað fólk spila tölvuleiki í gegnum YouTube er afar vinsæl dægradvöl. Felix Arvid Ulf Kjellberg⁴¹ heitir ungur sænskur maður sem hefur náð miklum frama í þeim efnum á YouTube undir nafninu PewDiePie. Reyndar hefur hann náð mestum frama af öllum öðrum notendum ef horft er á tölur fylgjenda eingöngu⁴². Hann hefur tæplega 14 milljarða áhorfa samtals á rásinni sinni⁴³. Fyrir stuttu síðan birti hann myndband á YouTube þar sem hann sagðist ætla að eyða rásinni sinni þegar hún kæmist upp í 50 milljón áskrifenda en þá var hann þegar kominn upp í 49 milljónir⁴⁴. Viku seinna var hann kominn yfir takmarkið og af því tilefni lokaði hann annari rás sem hann opnaði fyrr á árinu til að gera grín að Jacksepticeye vini sínum, en hann setur einnig tölvuleikjamyndbönd á YouTube⁴⁵. Brandarinn var sem sagt sá að hann tók aldrei fram hvaða rás hann myndi eyða⁴⁶. Þrjár aðrar rásir fara fram úr honum í fylgjendum en þær eru allar tölvugerðar og haldið úti af YouTube, þ.e.a.s. það er enginn höfundur að baki þeim sem sér um þær heldur safna þær að sér efni frá öðrum til að það sé auðfundið fyrir áhugasama. Það þrennt sem er vinsælla en PewDiePie mun vera tónlist, tölvuleikir og íþróttir. Í sætunum fyrir neðan PewDiePie eru samskonar sjálfgerðar rásir fyrir kvikmyndir og fréttir og loks í 7. sæti er rás frá öðrum notanda, HolaSoyGerman,⁴⁷ sem virðist bara tala á spænsku á rásinni sinni. Hann hefur aðeins 30 milljónir áskrifenda svo það er dágott bil á milli hans og PewDiePie⁴⁸ en tölur sem þessar geta breyst hratt.

2.4 Samfélagsmiðillinn YouTube - Notkun og eiginleikar

Sjá má á þessum dæmum að hægt er að ná til gríðarlegs fjölda fólks með því að vera raunverulegur, samkvæmur sjálfum sér, persónulegur og fyndinn auðvitað, því öll viljum við jú geta hlegið að kostum okkar og göllum. Allt eru þetta einstaklingar sem koma úr

⁴¹ Felix Arvid Ulf Kjellberg, „Felix Arvid Ulf Kjellberg,“ prófill á Facebook, 7. Desember 2016, <https://www.facebook.com/Pewdie>.

⁴² „Top 100 YouTubers Filtered by Subscribers,“ *Socialblade*, 9. desember 2016, <http://socialblade.com/youtube/top/100/mostsubscribed>.

⁴³ PewDiePie, „Um rásina,“ upplýsingasíða á YouTube, 7. desember 2016, <https://www.youtube.com/user/PewDiePie/about>

⁴⁴ PewDiePie, „DELETING MY CHANNEL AT 50 MILLION.“ Myndband, 10:19, sótt 7. desember 2016 á https://www.youtube.com/watch?v=6-4Uoo_7Y4&t.

⁴⁵ Jacksepticeye, „Videó,“ yfirlit myndbanda á YouTube, 12. desember 2016, <https://www.youtube.com/user/jacksepticeye/videos>.

⁴⁶ PewDiePie, „DELETING MY CHANNEL.“ Myndband, 1:43, sótt 9. desember 2016 á <https://www.youtube.com/watch?v=Y39LE5ZoKjw>.

⁴⁷ „Top 100 YouTubers Filtered by Subscribers.“

⁴⁸ HolaSoyGerman, „Um rásina,“ upplýsingasíða á YouTube, 9. desember 2016, <https://www.youtube.com/user/HolaSoyGerman/about>.

eðlilegum bakgrunni ef svo má segja. Eins og sum myndbönd þeirra bera með sér eru þau eflaust öll vel stæð en það hefur þó ekki alltaf verið þannig heldur hafa þau náð að nýta sér YouTube sem tekjulind eftir því sem rásir þeirra hafa stækkað. Það hefur verið erfitt að finna upplýsingar um það hvernig á að græða peninga en í myndbandi einu inni á höfundaakademíunni (e. creator academy)⁴⁹ er þetta útskýrt á tveim mínútum. Þar er talað um að til þess að græða peninga á YouTube sé fyrsta skrefið auðvitað að vera kominn með einhvern grunn, vera með fastan hóp áhorfenda og auðvitað drifkraftinn í að halda þessu áfram. Þá er fínt að byrja á því að gera samning við Google AdSense, en þeir sjá um að greiða rásarhöfundi af auglýsingatekjunum sem safnast upp í hvert sinn sem einhver smellir á auglýsingu sem fylgir myndbandi frá viðkomandi. Þegar rásarhöfundur hefur náð að festa sig í sessi með góðan fjölda áhorfa getur hann farið að selja varning tengdan sér eða rásinni eins og til dæmis stuttermaboli, derhúfur og fleira í þeim dúr eða eitthvað sértækara sem hann sér fram á að fylgjendur rásarinnar myndu vilja fjárfesta í. Eftir því sem rásin vex eru líkur á því að fyrirtæki fari að hafa samband í von um að eigandi rásarinnar vilji auglýsa vöru þeirra gegn greiðslu með því að tala um það sem viðkomandi vill koma á framfæri í myndböndunum eða vilji ráða hann í önnur verkefni varðandi það að auglýsa þeirra varning. Aðalatriðið er þó oftast hversu mörg áhorf rásin fær og ekki þykir það vænlegt til vinnings að ætla sér að stofna rás til þess eingöngu að græða á henni⁵⁰. Mikilvægt er að bjóða upp á áhugavert efni en gæta samt að höfundarrétti. Noti rásarhöfundur myndefni eða tónlist sem einhver annar á, þó ekki sé nema í hluta af myndbandinu sem hann setur inn, gæti hann átt á hættu að vera stefnt fyrir brot á höfundarréttarlögum. Kröfuhafar gætu leyft áframhaldandi notkun á efninu með því skilyrði að þeir fái tekjurnar af auglýsingunum sem birtast með því, en þeir gætu einnig farið fram á að myndbandið yrði tekið niður. Í báðum tilfellum er hægt að andmæla⁵¹ en það gæti endað í leiðindum og jafnvel málaferlum⁵² og ef YouTube notandi fær 3 punkta vegna höfundarréttar á hann það á hættu að rásinni hans verði lokað og hann gæti misst allt sitt efni af YouTube⁵³.

⁴⁹ Samfélag notenda á YouTube.

⁵⁰ Creator Academy, „Earning money with YouTube.“ Myndband, 2:04, sótt 18. desember 2016 á <https://creatoracademy.youtube.com/page/lesson/revenue-basics>.

⁵¹ „The difference between copyright takedowns and Content ID claims,“ *YouTube Help*, 18. desember 2016, https://support.google.com/youtube/answer/7002106?hl=en&ref_topic=2778546.

⁵² „Dispute a Content ID claim,“ *YouTube Help*, 18. desember 2016, <https://support.google.com/youtube/answer/2797454>.

⁵³ „Copyright strike basics,“ *YouTube Help*, 18. desember 2016, <https://support.google.com/youtube/answer/2814000>.

2.5 Þáttökumenning

YouTube er ekki bara myndbandaveita heldur einnig samfélagsmiðill þar sem fólk kemur saman, deilir efni og tekur þátt í umræðum um bæði sín eigin og annara manna myndbönd. Þáttökumenning er skilgreind af fimm atriðum⁵⁴.

1. Ráðrúm er fyrir fólk að ákveða hversu mikinn þátt í umræðunum það tekur, það gæti bæði verið virkt í athugasemdum fyrir neðan myndböndin og duglegt að deila þeim á fleiri samfélagsmiðla eða verið einungis þöglir áhorfendur.
2. Rásareigendur geta fengið stuðning og hvatningu á öllum stigum velgenginnar frá öðrum rásareigendum í svipaðri stöðu.
3. Rásareigendur verða lærifeddur og fyrirmyndir annara einstaklinga með því að miðla þeirri þekkingu og reynslu sem þeir búa yfir þannig að hugmyndir og útfærslur myndbanda ganga mann fram af manni.
4. Þeir rásareigendur sem koma til móts við áhorfendur sína eru taldir líklegri til vinsælda heldur en þeir sem svara ekki athugasemdum við myndböndin sín.
5. Notendur eru góðir í að mynda tengslanet og finna leiðir til að koma á samstarfi milli tveggja eða fleiri rásareigenda, t.d. með því að stofna nýja rás sem báðir eða allir aðilar hafa sameiginlegan aðgang að.

Þetta form er ólíkt því sem við áður þekktum þar sem fjölmiðlar í sjónvarpi og útvarpi réðu því hvað kom fram. Krafan um einlægni og persónulega tengingu verður æ mikilvægari.

⁵⁴ Clement Chau, „YouTube as a participatory culture.“ *New Directions for Youth Development*, 128 (desember 2010): bls. 65-74, doi: 10.1002/yd.376.

3. Óperuhús og leitin að áhorfendum

Upphaflega voru óperur fyrir fólk af öllum stigum samfélagsins en eftir því sem listformið þróaðist urðu þær ýktari í uppsetningum og einblínt var á aðalinn og hirðina þar til í frönsku byltingunni þegar fólkið ákvað að gera óperuna alþýðlegri aftur⁵⁵. Þegar kemur að því að setja upp óperur er að mörgu að huga. Það þarf hljómsveitarstjóra, hljómsveit, leikstjóra, einsöngvara, kór, sviðsmenn, búninga- og sviðshönnuði, ljósamenn, tæknimenn, afgreiðslufólk og annað starfsfólk sem kemur að sýningunni með einum eða öðrum hætti. Skiljanlega verða óperuuppfærslur þess vegna oft á tíðum dýrar í framkvæmd og til þess að það borgi sig þarf að velja sýningu, aðila og uppsetningu sem fólk vill sjá en það verður stundum til þess að uppsetningarnar verða e.t.v. líkar hver annarri og ófrumlegar⁵⁶. Sumir mæta á óperuuppfærslur án þess að hafa endilega áhuga á öðru en að fá skot af hámenningunni sem þeim finnst óperan vera. Aðrir eru jafnvel svo miklir óperuunnendur að þeir geta ekki beðið eftir að bera þessa uppfærslu saman við hina og geta talað fólk í kaf óumbeðið til þess eins að sýna hversu vítt viska þeirra nær⁵⁷. Sláandi stór partur fólks sem mætir á listasýningar, hvort sem um ræðir tónlist, leiklist eða listaverk, er efnað, skólagengið og með hvítan litarhátt⁵⁸. Áhugavert væri að vita af hverju svo margir upplifa óperuna eins og uppá stalli og finnst þeir ekki passa inni það umhverfi að mæta og njóta eins og á hverju öðru leikriti eða söngleik en erfitt er að segja til um hvort það séu áhorfendurnir eða listamennirnir sem halda óperunni uppi á þessum háa og óaðgengilega stalli?

⁵⁵ Linda Hutcheon og Michael Hutcheon, *Opera: Desire, Disease, Death* (University of Nebraska Press: Lincon, 1996), bls. 11

⁵⁶ Linda Hutcheon og Michael Hutcheon, *Opera: Desire, Disease, Death* (University of Nebraska Press: Lincon, 1996), bls. 4.

⁵⁷ Matt Dobkin, *Getting Opera: A Guide for the Cultured But Confused* (POCKET BOOKS, a division of Simon & Schuster Inc.: New York, 2000), bls. 14-15.

⁵⁸ Mark Brown, „Arts and culture being 'systematically removed from UK education system'.” *The Guardian*, 17. febrúar 2015, sótt 12. desember 2016 á

<https://www.theguardian.com/education/2015/feb/17/arts-and-culture-systematically-removed-from-uk-education-system>.

4. Leit mín að söngvurum

Sem virkur notandi á YouTube hef ég farið víða um netheima og tekið eftir því að ekki ber mikið á óperusöngvurum þar. Þegar leitin hófst tók það sinn tíma að prófa ýmis leitarorð en það helsta sem kom upp þegar leitað var að t.d. „opera singer“ voru myndbrot úr hæfileikabáttum eins og „Britain’s Got Talent“ af fólki og jafnvel börnum að syngja klassísk lög í hljóðnema. Loks var það í gegnum ábendingar frá öðrum sem mér tókst að finna óperusöngkonur sem héldu úti einhvers konar YouTube rásum en ekki er auðvelt að finna þær á YouTube nema að vita hvað þær heita. Það er minna mál að finna óperusöngvara ef maður leitar að tilteknum lögum eða verkum eða jafnvel tónskáldum. Meira að segja ef ég leitaði að „opera vlog“ voru efstu niðurstöðurnar flestar frá fólki sem hafði farið á söngleikinn „Phantom of the Opera vlog“ eða hafði farið í heimsókn í óperuhús. Það voru því meiri líkur á að finna myndband frá áhorfanda heldur en einhverjum af söngvurunum sjálfum. Þó að það sé vissulega áhugavert að fá einhvers konar mynd af heimi óperunnar þá er það ekki síður spennandi að fá innsýn í heim einstaklingsins sem er söngvari. Bakgrunnur söngvara hlýtur að vera mjög mismunandi og sömuleiðis það umhverfi sem hann býr í, fjölskylduástandur og fleira. Auðvitað er erfitt að ætlast til þess að þeir söngvarar sem eru orðnir vel þekktir hafi tíma til að sinna YouTube eins ötullega og þeir sem fá þaðan sínar aðaltekjur, en hvað með þá sem eru upprennandi eða jafnvel bara að hefja nám? Vissulega gæti fleira fólk innan óperugeirans gert sig aðgengilegri með því að opna meira á hvað er að gerast raunverulega í þeim heimi, bæði bak við tjöldin og á sviðinu. Áhugavert væri að sjá hverjir eru að semja, hverjir eru að syngja eða spila á hljóðfærin og hverjir eru að horfa á. Gildir það jafnt út frá sjónarhorni söngvara sem er nýútskrifaður að hefja frumraun sína á stóra sviðinu og stórstjórnunnar sem hefur þegar komið undir sig fótunum.

4.1 Anna Netrebko

Hin rússneska sópransöngkona Anna Netrebko lærði söng við Sankti Pétursborgar konservatorið⁵⁹. Hún hóf feril sinn á sviði eftir að hafa unnið við þrif í Mariinsky leikhúsinu og þannig hafði hún fengið að fylgjast með æfingum. Eftir það söng hún sig inn í hlutverk Súsönnu í Brúðkaupi Fígarós og þar með var ekki aftur snúið⁶⁰. Síðan þá hefur hún sungið í stórum óperuhúsum eins og t.d. Metropolitan Opera, San Francisco Opera, London’s Royal

⁵⁹ „About Anna,“ *Anna Netrebko*, september 2016, <http://annanetrebko.com/en/about/>.

⁶⁰ Jessica Duchon, „Anna Netrebko: A rare jewel from the East,“ *Independent*, 6. nóvember 2006, sótt 19. október 2016 á <http://www.independent.co.uk/news/people/profiles/anna-netrebko-a-rare-jewel-from-the-east-423103.html>.

Opera House, Milan's Teatro alla Scala, Paris Opera og Berlin State Opera svo eitthvað sé nefnt⁶¹. Anna á soninn Tiago með baritóninum Erwin Schrott en Tiago greindist með væga einhverfu þegar hann var þriggja ára gamall. Tveimur árum seinna, árið 2013, kom hún fram í rússneskum sjónvarpsþætti og lýsti því hvað það hafi komið þeim á óvart en sagði hann hafa náð miklum framförum og að Tiago hafi farið í venjulegan skóla. Einnig sagði hún frá skilnaðinum við Erwin og hvernig samskipti þeirra væru í kjölfarið. Þau væru ennþá vinir þrátt fyrir að hann hitti son sinn lítið sökum anna⁶². Í desember 2015 giftust Anna og Yusif Eyvazov, sem er tenórsöngvari, með pomp og prakt í Vín og þrátt fyrir að hafa beðið aðdáendur að virða friðhelgi einkalífsins eftir að þau tilkynntu um trúlofunina⁶³ má sjá myndir og myndbönd úr brúðkaupinu á netinu, t.d. á YouTube⁶⁴.

4.2 Anna á YouTube

YouTube rás Önnu var stofnuð í júlí 2009⁶⁵ og strax hlóð hún upp 3 stuttum myndböndum þar sem hún svarar spurningum eins og t.d. hvort hún hafi einhvern tíma efast um starfsframa sinn í tónlistarheiminum⁶⁶, hver sé hennar uppáhalds skóhönnuður⁶⁷ eða hvaða vögguvísur þau Erwin syngi fyrir eins árs gamlan soninn Tiago⁶⁸. Öll myndböndin á rásinni, sem eru 38 talsins, eru af henni að svara einni spurningu í hverju myndbandi og eru þau þess vegna ekki löng, eða allt frá 26 sekúndum upp í 1 mínútu og 51 sekúndu⁶⁹. Til að byrja með var hún augljóslega dugleg að svara nokkrum í einu þar sem hún er í sömu fötunum og á sama staðnum en setti þau ekki endilega inn á rásina strax, enda segir í rásarlýsingunni að Anna muni velja nokkrar spurningar og taka upp svör mánaðarlega⁷⁰. Fólki er bent á hlekk inná

⁶¹ „About Anna.“

⁶² Ilya Ovchinnikov, „Opera diva Netrebko opens up about son's autism,“ *Russia Beyond The Headlines*, 4. desember 2013,

http://rbth.com/arts/2013/12/04/opera_diva_netrebko_opens_up_about_sons_autism_32269.html.

⁶³ Anna Netrebko, „Anna Netrebko and Azerbaijani tenor Yusif Eyvazov,“ stöðuuppfærsla á Facebook, 10. júlí 2014,

